

**Nd.**

### **53. Frumvarp**

til laga um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Flutningsm.: Eysteinn Jónsson.

Aftan við 1. málsgr. 9. gr. laganna bætist: Þetta á þó ekki við um jarðir banka og annara lánsstofnana, enda þótt þær séu til sölu.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Almenna reglan í ábúðarlögum er sú, að jarðir skuli byggðar til lífs-tíðar. Í 9. gr. laganna er þó allviðtæk undantekning frá þessu. Verður eigi annað séð en að samkv. henni sé m. a. lánsstofnunum heimilt að leigja jarðir sínar til skamms tíma.

Svo sem kunnugt er, hefir verið allmikið að gert af hálfu Alþingis til þess að léttu skuldabyrði bænda og gera þeim kleift að búa áfram á jörðum sínum þrátt fyrir verðfall afurða þeirra. Hinsvegar er það og vitað, að jafnframt því, að byrjað er að framkvæma ráðstafanir Alþingis til aðstoðar bændunum, hefir að sumum þeirra verið gengið af lánsstofnunum og jarðir af þeim teknar upp í skuldir. A. m. k. sumar lánsstofnanir hafa haft þá reglu að leigja jarðir, sem þær taka upp í skuldir, til 1 árs í senn, vegna þess að jarðirnar eru hafðar á boðstólum. Oft er það að vísu svo, að þeir, sem jarðirnar eru teknar af, fá þær leigðar. En öllum hlýtur að vera ljóst, að með þeim ábúðarskilmálum, sem á hefir verið dregið, er öryggi þessara manna lítið, og auk þess eru þessir ábúðarskilmálar jörðunum sjálfum skaðlegir. Sýnist ekki úr vegi, að lánsstofnanirnar séu skyldaðar til að leigja jarðir sínar eftir almennri reglu ábúðarlaganna. Verður að gera ráð fyrir því, að þeir, sem átt hafa jarðirnar, sitji fyrir ábúðinni.

Nánar í framsögu.